

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 26. marz 2021

Mál nr. S-2937/2020:

Ákærvaldið

(Katrín Hilmarsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Ali Conteh

(Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 29. janúar, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 22. október 2020, á hendur Ali Conteh, kt. 000000-0000, [...], [...], „fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 30. september 2018 á heimili sínu í íbúð að [...] í [...], án samþykkis og með ofbeldi og ólögmaetri nauðung, haft samræði og önnur kynferðismök við A, kt. 000000-0000, en ákærði klæddi A, sleikti kynfæri hennar og lagðist síðan ofan á hana og hafði við hana samræði þrátt fyrir að A væri grátandi og segði honum að hún vildi þetta ekki, auk þess sem hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar, áhrifa fíkniefna og svefndrunga.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 4.000.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 30. september 2018, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða A útlagðan sjúkrakostnað en upplýsingar um fjárhæð þeirrar kröfu verða lagðar fyrir dóm við þingfestingu málsins. Þá er enn fremur gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða A bætur vegna tímabundins atvinnutjóns og þjáningarbætur en upplýsingar um fjárhæð kröfunnar verða lagðar fyrir dóminn við þingfestingu málsins. Loks er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða

samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfi. Sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var lögregla send kl. 03:57 hinn 30. september 2018 að [...] í [...], en fjarskiptamiðstöð hefði þá fengið símtal frá B þess efnis að B hefði fengið símtal frá vinkonu sinni, A, brotþola í máli þessu, og héldi B að brotþoli væri í haldi í íbúð, sem staðsetning „á snapchat“ benti til að væri í [...]. C, bróðir B, væri staddur í [...] „með tengingu við síma [brotþola].“ Brotþoli hafi verið í mikilli geðshræringu þegar hún hefði hringt.

Lögregla hefði farið á staðinn og þar hitt C. Hann hefði sagt B og brotþola hafa farið að skemmta sér í miðbænum, B svo farið heim en brotþoli orðið eftir. B hefði svo beðið sig að sækja brotþola en hann ekki fundið hana. Hann hefði náð sambandi við hana „í gegnum Snapchat“ og þannig fundið staðsetningu hennar.

Í skýrslunni segir að á meðan lögregla hafi rætt við C hafi brotþoli hringt í hann „og sagðist hafa komist út úr íbúðinni og væri í anddyri einhvers húss“. C hafi sagt henni að öskra og hafi lögregla gengið á öskrið, sem komið hafi frá [...]. Þar í anddyri hafi brotþoli staðið, klædd í handklæði og skó og við hlið hennar Ali Conteh, ákærði í máli þessu, klæddur náttslöpp. Brotþoli hafi verið í uppnámi en ekkert viljað ræða við lögreglu. Hún hafi gengið burt en lögregluþjónar fylgt henni eftir og fært í lögreglubifreið. Lengi hafi verið reynt að ræða við hana en án árangurs. Hún hafi ekkert viljað tjá sig um málið og ekki sagt annað en hún vildi fá fötin sín og fara heim. Hún hafi verið „verulega ölvuð“ að sjá og áfengisþefur frá vitum hennar. Ekki hafi verið að sjá áverka á henni. Lögregla hefði farið með ákærða í íbúð hans. Hann hafi verið ölvuður að sjá og áfengisþefur frá vitum hans. Hann hafi þó verið vel viðræðuhæfur og skýr í tali. Hann hafi sagt á ensku að brotþola hafi hann hitt á skemmtistað í miðbænum og þau farið heim til hans með leigubifreið. Þau hafi dvalið í íbúð hans í tvær til þrjár klukkustundir og stundað kynlíf í svefnherbergi hans. Í skýrslunni segir að á gólfi við enda rúms hafi mátt sjá föt brotþola, nærföt, bol og jakka ásamt veski sem verið hefði ofan á kómmóðu. Föt ákærða hefðu verið í sömu fatahrúgu og hennar, „(blönduð inn á milli)“.

Þá segir í skýrslunni að í öðru herbergi í íbúðinni hafi annar maður legið í rúmi, D að nafni. Hafi hann ekki litið út fyrir að sofa.

Í skýrslunni segir að íbúðin hafi verið snyrtileg að sjá, húsgögn fá en vel um gengið. Í íbúðinni séu tvö svefnherbergi, gluggalaust salerni, eldhús og stofa.

Í skýrslunni segir að móðir brotáþola hafi komið á staðinn og hún rætt við brotáþola í lögreglubifreið. Brotáþoli hafi ekkert viljað segja um hvað komið hafi fyrir, viljað fá fötin og fara heim. Fötin hafi verið afhent móður brotáþola. Í kjölfarið hafi lögregla ekið brotáþola á slysadeild til viðræðna við hjúkrunarfræðing. Brotáþoli hafi ekki viljað segja hjúkrunarfræðingnum hvað komið hefði fyrir og hefðu brotáþoli og móðir hennar yfirgefið slysadeildina saman.

Á meðan brotáþoli hefði verið á slysadeild hefði lögregla vaktað íbúðina við [...]. Lögregla hefði um glugga séð ákærða og D tala saman og fara svo út á svalir að reykja. Eftir það hefði hvor farið í sitt herbergi og ljósinn verið slökkt.

Í málinu liggur útprent sem mun vera af síma E móður brotáþola 30. september 2018. Klukkan 03:26 og 03:52 er skráð að misst hafi verið af símtali frá B. Klukkan 03:52 eru skráð textaboð frá B: „SVARðu“ og „ÞAÐ ER SLÖKKT Á SÍMANUM HENNAR“. Klukkan 03:53 eru skráð textaboð frá B: „ÞÚ ÞARFT AÐ SVARA“. Klukkan 03:54 eru skráð textaboð frá B: „hún er í ehv veseni og ég vakti mömmu til að vekja hana og ehv strákur kpm og tAla í hennar“. Klukkan 04:02 eru skráð textaboð frá B. „[nafn móður brotáþola]“. Klukkan 04:03 er skráð að misst hafi verið af símtali frá B. Klukkan 04:03 eru skráð textaboð frá B: „HALLO“. Ótímasett eru næst skráð textaboð frá B: „NENNIRÐU PLIA AÐ PLARA ERUM BUIN AÐ HRINGJA I LÖGREGLUNA“. Klukkan 04:13 og 04:14 er skráð að B hafi misst af hringingu frá E. Klukkan 04:15 eru skráð textaboð frá B: „HRINGDU“ gefið upp símanúmer. Klukkan 04:18 eru skráð textaboð frá B þar sem hún gefur upp annað símanúmer. Klukkan 04:57 eru skráð textaboð frá B: „Fyrirgefðu ap ég náði ekki að passa hana nógu vel“ og „þykir það ömurlegt“. Klukkan 05:33 eru skráð textaboð frá E: „Elskan mín. Þetta er ekki þér að kenna“ og boðunum fylgir mynd af tveimur hjörtum. Klukkan 05:43 eru skráð textaboð frá B: „láttu mig vita af henni á morgun“ og boðunum fylgir mynd af hjarta. Klukkan 05:44 eru skráð boð frá E: „Ég geri það elskan mín“. Klukkan 15:39 eru skráð boð frá E: „Hæ elskan. Við [brotáþoli] erum á neyðarmóttökunni núna. Hún er battaríslaus en ég segi henni að hringja þegar hún kemst í hleðslu. Takk fyrir allt elskan

mín. Þú brást hárrétt við og ég get ekki þakkað þér, mömmu þinni og C nægjanlega.“ Boðunum fylgir mynd af hjarta. Klukkan 15:41 eru skráð textaboð frá B: „eg er bara ánægð að hún er safe“ og í upphafi boðanna er mynd af hjarta. Klukkan 15:42 eru skráð textaboð frá B: „Ætlar hún að kæra?“ Klukkan 15:43 eru skráð textaboð frá E: „Það hljómaði ekki þannig í nótt. En það ræðst á næstu dögum. Hún hljómaði eins og hún vorkenndi manninum.“ Klukkan 15:47 eru skráð textaboð frá B: „sem hún á alls ekki að gera en gott að hún er að láta chekka á sér, líka eftir kynsjúkdómum“. Klukkan 15:49 eru skráð textaboð frá E: „Já. Líka gott að ljuka þessu bara af. Hér er líka allskonar aðstoð í boði í framhaldinu og eg þarf eiginlega að fa þig til að hjalpa mér að fa hana til að þiggja það.“

F, móðir B, gaf lögreglu símaskýrslu við rannsókn málsins 26. maí 2020. Í samantekt er haft eftir henni að B hafi vakið sig um nóttina og sagt að hún væri með brotaþola í símanum, „hún vissi ekki hvar hún væri og það væri einhver karl að nauðga henni.“ F hafi tekið símann. Brotaþoli hefði verið „í móðursýkiskasti, hágrátandi út úr kortinu. Hún hafi heyrt hana öskra og það hafi verið hræðileg tilfinning. Hún hafi ekki vitað hvar hún væri og sagt að hann væri að fara niður á sig. Hún hafi heyrt [brotaþola] segja eitthvað í átt við nei, nei, ekki, ekki, hún hafi verið skelfingu lostin. F sagði að hún hefði í raun upplifað nauðgun í beinni útsendingu. Sagði hún þetta hafa verið rosalega erfitt og hún hafi verið mjög bjargarlaus.“

Í málinu liggur skýrsla G læknis um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola. Þar segir að brotaþoli hafi komið til skoðunarinnar kl. 15:20 hinn 30. september 2018 í fylgd móður sinnar. Um frásögn brotaþola segir: „Hún man ekki mikið sem gerðist. Hún var á staffadjammi í [...]. Þau fóru flest niður í bæ. Hún var að drekka og drakk upp 4 bjóra áður en hún fór niður í bæ. Hún hitti hann fyrst þegar hann keypti handa henni drykk. Líklega á [...] eða [...]. Hann talaði ensku. Þau fóru saman að hún heldur heim til hans, líklega í leigubíl. Hún man ekki nákvæmlega allt sem gerðist heima hjá honum en hann neyddi hana til kynmaka. Bróðir vinkonu hennar hringdi í hana sem hún man ekki mikið eftir. Hann náði að staðsetja hana með símanum hennar og sagði henni að öskra og hlaupa út. Sem hún og gerir og kemst þá út úr húsinu.“ Eftir móður brotaþola er haft að hún hafi „fengið símtal frá vinkonu þolanda kl. 03:30. Þá hafði vinkonan heyrt í þolanda þegar á þessu stóð og þolandi sagt að hún vildi þetta ekki.“ Í skýrslunni er

eyðublað þar sem talin eru upp ýmis atriði og læknir merkir eftir frásögn sjúklings við „Já“, „Nei“ eða „Veit ekki“. Í skýrslunni er þannig já-merkt við ‚kynmök um leggöng‘, ‚kynfæri konu sett í munn‘, ‚káfað á kynfærum‘, ‚káfað á brjóstum‘, ‚káfað á rassi‘ og ‚fingur settur í leggöng‘. Við liðina ‚getnaðarlimur settur í munn‘, ‚snerting með getnaðarlimi‘ og ‚sáðlát‘ er skráð ‚Veit ekki“. Nei-merkt er meðal annars hvort verja hafi verið notuð. Í skýrslunni segir að brotaþoli hafi sagt skýrt og rólega frá því sem hún hafi munað, en hún hafi ekki munað allt. Þá kemur fram að hún hafi fengið grátköst. Í skýrslunni kemur fram að áverkar hafi ekki komið í ljós við skoðun og skoðun ytri kynfæra og legganga hafi verið eðlileg.

Í málinu liggur móttökuskýrsla hjúkrunarfræðingsins H. Þar segir að brotaþoli hafi komið á neyðarmóttöku kl. 15:20 hinn 30. september 2018. Brotaþoli hafi komið í fylgd móður sinnar og eftir móðurinni er haft að brotaþoli hafi einnig komið um nóttina en neitað skoðun. Hafi hún þá verið undir miklum áhrifum áfengis. Í skýrslunni er sambærileg frásögn höfð eftir brotaþola og gert er í skýrslu G. Um frásögn móður brotaþola segir að ‚þá hringi vinkona brotaþola í nótt og hún svarar símanum en það skellist á. Sendir móður brotaþola skilaboð í nótt um kl. 03:30. Bróðir vinkonunnar, C, finnur út í gegnum snapchat hvar brotaþoli er. Þau reyndu stöðugt að hringja og hún svarar loksins, segir að hún sé nakin og viti ekki um fötin sín. Hann segir henni að finna eitthvað til að vefja utan um sig og koma út og öskra. Hann segir í samtali við móður að hann hafi aldrei heyrt annað eins öskur. Hann hringir í lögreglu sem kemur á staðinn. Móðir kemur líka í [...]. Þetta er skv. móður um kl. 04 í nótt.“ Í skýrslunni er eyðublað þar sem talin eru upp ýmis atriði og hjúkrunarfræðingur merkir eftir frásögn sjúklings við „Já“, „Nei“ eða „Veit ekki“. Er í skýrslunni já-merkt við ‚samfarir um leggöng‘ og ‚snerting með getnaðarlimi‘ en ‚veit ekki“ er meðal annars merkt við ‚kynfæri brotaþola sleikt/sogin‘. Í skýrslunni segir að brotaþoli hafi við komu verið þreytt en ekki undir áfengisáhrifum. Í samantekt segir að hún hafi verið þreytt og dofin og muni lítið eftir nóttinni. Þegar hún rifji atvikið upp fari hún að gráta.

Í málinu liggur matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 29. nóvember 2018. Þar segir um niðurstöður rannsókna á sýnum sem fengin hafi verið hjá brotaþola: „Í þvagsýni [...] fannst eftirfarandi: Tetrahýdrókannabínólsýra Alkóhól: 1,35‰ [...]. Í blóðsýni [...] mældist eftirfarandi:

Alkóhól 0,37%. Í blóðsýni [...] mældist eftirfarandi: Alkóhól 0,25%. Tetrahýdrókannabínól var ekki í mælanlegu magni í blóðinu. [...] var ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Niðurstöður mælinga sýna að hlutaðeigandi hafi verið undir áhrifum áfengis þegar sýnin voru tekin. Niðurstöður mælinganna sýna einnig að styrkur alkóhóls í blóðinu hafi verið fallandi og einhver tími (klukkustundir) liðinn frá því að drykkju lauk.“ Undir skýrsluna rita I og J sviðsstjórar.

Í málinu liggur vottorð K sálfræðings, dags. 30 nóvember 2018. Fram kemur í vottorðinu að brotþoli hafi komið í eitt viðtal við sálfræðinginn 9. október 2018 og átt bókaðan tíma í annað en ekki mætt. Við komuna í viðtalið hafi brotþoli greint frá sveiflukenndri líðan frá atvikinu og hafi til dæmis lýst því að hún væri dofin og hrædd og upplifði skömm og sektarkennd. Þá hafi hún greint frá sjálfsvígshugsunum eftir atvikið en slíkar hugsanir hafi hún ekki haft frá árinu 2014. Í viðtalinu hafi geðslag hennar verið flatt og hún verið dofin. Hún hafi verið opinská, frásögnin trúverðug og hún samkvæm sjálfri sér. Í viðtalinu hafi hún greint frá áfallastreitueinkennum og endurupplifunum og líkamlegum viðbrögðum við þeim. Þá hefði hún sjálfsásakandi hugsanir í tengslum við atvikið. Í vottorðinu segir sálfræðingurinn að sálræn einkenni brotþola samsvari einkennum sem þekkt séu hjá fólki sem hafi orðið fyrir alvarlegum áföllum eins og líkamsárás, nauðgun, stórslysi eða hamförum. Þar sem hún hafi ekki komið í fleiri viðtöl hafi sálfræðingurinn ekki haft tækifæri til að meta þróun einkenna hennar, meðferðarþarfir og batahorfur. Mögulegt sé að brotþoli þurfi einhvern tíma síðar á formlegri meðferð að halda til að takast á við afleiðingar atviksins.

D gaf skýrslu hjá lögreglu 18. febrúar 2020. Í samantekt er haft eftir honum að hann hafi á umræddum tíma verið meðleigjandi ákærða. Hann hafi vaknað um 3 eða 4 um nóttina og orðið mjög undrandi að sjá lögreglu í herbergi sínu. Þegar lögregla hafi verið farin hafi hann talað við ákærða sem hafi sagt svo frá að hann hafi boðið stúlku með sér heim og þau stundað kynlíf. Hún hafi farið heim en kærasti hennar hringt til lögreglu og sagt að henni hafi verið nauðgað. Ákærði hafi verið leiður og sorgmæddur og ekki gert ráð fyrir slíkum ásökunum. Þegar D hafi næst ætlað í sturtu hafi hann ekki fundið handklæði sitt. Ákærði hafi sagt að stúlkan hafi tekið það um nóttina. Þeir ákærði hafi ekki rætt málið síðar. Þá er haft eftir D að hann hafi ekki farið á salerni íbúðarinnar umrædda nótt fyrr en eftir að lögregla hafi verið farin.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist hafa farið í bæinn og á skemmtistað. Þar hefði hann keypt sér drykk og farið út til að fá sér vindling. Þar hefði hann séð brotapolu, sem hefði staðið og verið dapurleg. Að öðru leyti hefði allt verið í lagi með hana. Ákærði hefði farið og gefið sig á tal við hana til að reyna að hressa hana við. Hann hefði spurt hvort allt væri í lagi og hún játað því. Hann hefði boðið henni sopa af drykk sínum en hún neitað, með þeim orðum að hún vissi ekki hvað hann kynni að hafa látið í drykkinn. Hann hefði þá sjálfur sopið á og í framhaldinu hefði hún þegið sopa. Þau hefðu deilt drykknum og hún hefði svo sagt að ef ákærði keypti henni annan drykk gætu þau dansað og farið svo heim til hans. Hann hefði tekið vel í þetta og þau svo farið inn á staðinn þar sem ákærði hefði keypt tvær bjórflöskur og þau svo haldið á dansgólfið. Eftir nokkurra mínútna dans hefði brotapolu viljað fara heim til ákærða. Þau hefðu þá yfirgefið staðinn og tekið flöskurnar með. Fyrir utan hefðu þau fundið leigubifreið og farið með henni heim til ákærða. Á leiðinni hefði ákærði gert að gamni sínu og spurt brotapolu hvort hún væri raunveruleg kona. Hún hefði sagt að það væri hún að sjálfsögðu og viljað vita hvers vegna hann hefði spurt. Hann hefði svarað á þá leið að nú á tímum væri erfitt að vita hver væri karl og hver kona. Hún hefði tekið undir þetta og sagt að nú yrði að fara að öllu með gát. Þetta hefðu verið einu samræður þeirra í bifreiðinni.

Þau hefðu farið inn í íbúð ákærða. Yfirleitt hefði ákærði þann hátt á, þegar konur sæktu hann heim, að setja tónlist í gang og svo væri spjallað. Í þetta skipti hefði hann sýnt brotapolu íbúðina og hún viljað sjá herbergi hans. Þau hefðu farið þangað, hann kveikt ljós og brotapolu tekið að afklæðast. Hann hefði setið á rúminu en hún staðið þar við. Hann hefði í framhaldinu farið úr fötum og hún þá spurt hvort hann ætti verju því hún vildi ekki verða þunguð. Hann hefði fyrir sitt leyti tekið fram að hann vildi ekki greiða annað meðlag. Hann hefði athugað veski sitt en enga verju fundið þar. Hún hefði sagt að svo yrði þá að vera, hún vildi að ákærði hefði við sig mök. Ákærði hafði hins vegar lagt til að þau legðust til svefns en brotapolu hefði ekki viljað það, hún hefði viljað kynmök. Hann hefði þá haldið áfram að leita verju og opnað skúffur í leitinni. Brotapolu hefði þá tekið eftir flösku þar sem ákærði geymdi maríhúana. Hún hefði þá viljað reykja það. Ákærði hefði spurt hvort hún notaði slíkt og hún sagt svo vera. Hann hefði þá leitað að vindlingapappír en ekki fundið. Hann hefði því notað vindling, fjarlæggt tóbak og sett maríhúana í staðinn, brotapolu hefði tekið við henni og kveikt í. Hann hefði sagt að þarna

væri ekki reykt innandyra og þau farið út á svalir og reykt saman. Hvort um sig hefði þá aðeins verið í nærbuxum. Hún hefði dæst og sagt efnið vera það sterkasta sem hún hefði notað. Hann hefði hins vegar vitað að þetta segði hún ekki satt og hefði lagt það á minnið. Eftir reykingarnar hefði ákærði lokað svaladyrunum en brotápoli farið í rúmið. Brotápoli hefði legið framarlega í rúminu en ákærði staðið til hliðar og aftan við rúmið. Brotápoli hefði þá verið farin úr nærbuxunum. Hún hefði næst tekið að hringja símtöl. Ákærði hefði sjálfur farið í rúmið og legið, slakað á og beðið eftir brotápoli. Brotápoli hefði ítrekað að hún vildi hafa samfarir við ákærða. Ákærði hefði svarað að hann hefði reykt kannabisið til þess að geta sofnað. Hann hefði velt fyrir sér hvað brotápoli væri að gera þarna, sjálfur vildi hann fara að sofa eftir reykingarnar. Loks hefði hann ákveðið að hafa mök við brotápoli og hefði hann viljað sleikja kynfæri hennar fyrst. Ákærði hafði í framhaldinu sleikt hana við leggöng. Hann hefði spurt hana hvort hún vildi finna bragðið og hefði hún kinkað kolla. Hann hefði endurtekið spurninguna og hún kinkað kolla aftur. Eftir þetta hefðu þau kysst, að minnsta kosti þrisvar. Eftir þetta hefðu þau hafið samfarir og hefði brotápoli greinilega notið þeirra. Brotápoli hefði verið með símann upp við höfuð sitt en hann svo dottið. Þau hefðu haldið áfram samförunum og að þeim loknum hefði hún staðið upp og horft leitandi í kring um sig og spurt um síma sinn. Hún hefði fundið hann á gólfinu og því næst farið að nýju í rúmið. Þar hefði hún verið með símann í hendi, skoðað símann en ekkert sagt í hann. Eftir nokkurar mínútur hefðu þau hafið samfarir að nýju. Þær hefðu ekki verið neitt sérstaklega ánægjulegar fyrir ákærða, enda hefði geta sín til þeirra verið farin að minnka. Hann hefði sagt brotápoli að þau skyldu hvíla sig, hann væri ekki viss um að hann réði við nýjar samfarir. Þau hefðu svo legið í faðmlögum og þá hefði brotápoli sagt ákærða að hún glímdi við fíkniefnavanda. Hún væri í háskólanum og fíkniefnin hefðu hjálpað sér við námið. Ákærði hefði sagt henni að engin hjálp væri í fíkniefnum. Hún hefði ekki viljað hlusta á þetta og snúið sér að símanum, hringt og talað í símann. Ákærði hefði heyrt hluta orða hennar, sem hefði verið „nei, það bara sofa, bara sofa“. Eftir símtalið hefði ákærði spurt hvort hann væri kominn í einhvern vanda en hún hefði neitað því og spurt hvers vegna svo ætti að vera. Hann hefði verið við það að sofna þegar sími hennar hefði hringt enn einu sinni. „Það var mikið talað“ og hefði brotápoli notað svipuð orð og áður, „nei ég bara sofa, nei ég veit ekki“. Ákærði hefði spurt hana hvers vegna hún slökkti ekki á símanum, hvort ekki væri betra að sofa. Hún hefði með látbragði sýnt að hún væri ekki reiðubúin til þess. Þegar ákærði hefði verið við það að sofna hefði sími hennar enn hringt. Hann hefði þá sagt henni að

slökkva á símanum. Brotapoli hefði enn talað með sama hætti í símann, „nei bara sofa“ eða slíkt. Ákærði hefði þá tekið símann og sagt í hann að nú væri ekki tími til að hringja heldur sofa. Tala mætti daginn eftir. Eftir þetta hefði hann slökkt á símanum. Eftir nokkurra mínútna tilraun til hvíldar hefði hún aftur spurt um símann. Ákærði hefði þá sagt að hún gæti hringt ef hún endilega vildi og eftir það hefði hann náð að sofna. Hann vissi ekki hve lengi hann hefði sofið en vaknað hefði hann við hljóð í dyrunum hjá L. Dyrnar að herbergi ákærða hefðu verið opnar til hálf og líklega hefði L farið á snyrtingu því ákærði hefði heyrt hurðina hjá honum leggjast að stöfum. Ákærði hefði þá séð að brotapolí var ekki í rúminu en D staðið frammi á gangi, innan íbúðarinnar. Ákærði hefði sagt D að kona á sínum vegum væri inni á snyrtingunni. D hefði farið inn í herbergi sitt en ákærði inn á snyrtinguna. Þar hefði brotapolí verið grátandi. Ákærða hefði brugðið og spurt hvers vegna hún gréti. Hún hefði engu svarað en vafið utan um sig handklæði og farið þannig úr íbúðinni. Ákærði hefði fylgt á eftir niður og séð hana í fremra anddyri hússins. Hann hefði spurt hvers vegna hún væri þangað komin og hvers vegna hún gréti. Hún hefði sagt sér að fara aftur að sofa. Eftir þetta hefði sér dottið í hug að ef til vill hefði þetta ekkert með sig að gera. Hann hefði séð tvo menn og stuttu síðar tvo lögregluþjóna koma inn í húsið. Næst hefði ákærði farið upp á sína hæð hússins og lögreglan komið á eftir. Hann hefði hleypt lögregluþjónunum inn í íbúðina og þeir hefðu skoðað sig um og spurt hvar svefnherbergið væri. Hann hefði sýnt þeim það. Þeir hefðu spurt hvar hann hefði hitt brotapola og hann svarað að það hefði hann gert niðri í bæ. Þeir hefðu spurt hvernig þau hefðu komið í [...] og hann svarað að þau hefðu gert það með leigubifreið. Þeir hefðu spurt hvort þau hefðu haft samfarir ákærði hefði játað því. Þeir hefðu skrifað niður kennitölu ákærða og sagt að þeir myndu kanna málið og heyra frásagnir. Ákærði hefði spurt hvaða frásagnir væri að heyra. Annar lögregluþjónninn hefði farið út en hinn verið áfram hjá ákærða. Ákærði hefði spurt hvort lögreglunni líkaði ekki að sjá [...] mann lifa eðlilegu lífi en lögregluþjónninn sagt sér að tala ekki svona við sig. Ákærði hefði svarað að hann hefði ekki átt sérstaklega við lögregluþjónninn. Ákærði hefði næst beðið um leyfi til að reykja og það verið leyft. Hann hefði því farið út á svalir og reykt. Eftir það hefði hinn lögregluþjónninn komið aftur og spurt um föt brotapola, ákærði hefði bent á þau og lögregluþjónninn hefði tínt þau saman, en þau hefðu verið úti um allt í herberginu. Eftir þetta hefði lögreglan yfirgefið íbúðina en ákærði setið eftir og velt fyrir sér hvað gæti verið í gangi. Hann hefði svo farið aftur í rúmið. Nánar spurður um fötin sagði ákærði að föt brotapola hefðu verið í hrúgu á gólfinu öðrumegin en sín í annarri

hrúgu hinumegin. Ákærði var spurður um það álit lögregluþjóns í lögregluskýrslu að fót beggja hefðu verið í sömu hrúgu. Ákærði sagði þau hafa setið hvort sínu megin á sama horni rúmsins og farið úr fötunum.

Ákærði sagði að daginn eftir hefði hann að eign frumkvæði hringt á lögreglustöðina og greint frá því að í heimsókn hjá sér daginn áður hefði verið kona og hún svo farið burt með lögreglunni. Ákærði hefði sagt að hann vildi vita hvað gengið hefði á. Sá sem svarað hefði á lögreglustöðinni hefði sagt að hann gæti ekki aðstoðað ákærða í málinu.

Ákærði sagði að næstu vikur hefði hann velt þessu fyrir sér þangað til að lögreglan hefði haft samband við sig og tjáð sér að hann hefði verið kærður fyrir kynferðisbrot. Hann hefði undrandi spurt hver það gæti hafa gert. Lögreglan hefði sagt að ekki væri hægt að greina frá því í símann og hefði boðið ákærða að koma á stöðina daginn eftir. Það hefði orðið úr. Þá hefði verið tekin skýrsla af ákærða og honum sagt um hvað málið væri.

Ákærði sagðist hafa verið einn síns liðs í bænum er hann hefði hitt brotþola. Hann sagðist telja þau hefðu verið fimm til tíu mínútur saman á skemmtistaðnum. Hann sagðist ekki vita hvað klukkan hefði verið þá. Hann sagðist telja brotþola hafa verið á heimili sínu í tvær til þrjár klukkustundir, en tók fram að hann væri ekki viss.

Ákærði sagði að brotþoli hefði verið samþykkt öllum kynmökum þeirra. Spurður hvernig það hefði komið fram sagði hann að hún hefði beðið sig um að hafa kynmök við sig.

Ákærði sagði að brotþoli hefði hellt niður bjór í íbúðinni og hefði náð í þvegil og þurrkað hann upp. Sjálfur hefði ákærði hreinsað gólfið með handklæði. Í íbúðinni hefðu þau ekki drukkið annað en þann bjór sem þau hefðu tekið með sér af skemmtistaðnum. Ástand brotþola hefði verið óbreytt eftir kannabisreykingarnar. Hún hefði haldið uppteknum hætti við símtölin. Sjálfur yrði ákærði rólegri við að reykja kannabis. Sú hefði verið raunin umrætt sinn.

Ákærði var spurður hvort rétt væri, sem haft væri eftir brotþola í skýrslu, að þau hefðu reyktt kannabis áður en þau hefðu farið inn á heimilið. Hann sagði þetta ekki rétt. Hann var spurður hvort þau hefðu rætt kannabisreykingar á skemmtistaðnum. Hann sagði þau ekki hafa gert það. Ákærði var spurður hvort brotþoli hefði við komuna verið svo óstöðug á fótum að hann hefði þurft að styðja hana. Hann neitaði því. Ákærði neitaði aðspurður að hann hefði afklætt brotþola. Ákærði var spurður hvort brotþoli hefði sagt

að hún vildi ekki kynmök. Ákærði sagði að það hefði hún aldrei sagt við sig. Borið var undir ákærða það sem haft er eftir vitninu F í lögregluskýrslu, þess efnis að hún hafi heyrt í símanum að brotþoli gréti og bæði ákærða um að hætta. Ákærði neitaði þessu alfarið.

Ákærði var spurður um þann framburð D að hann hefði ekki farið inn á snyrtinguna um nóttina. Ákærði sagði hann hafa komið inn á ganginn en ekki farið inn á snyrtinguna heldur aftur inn í herbergi sitt.

Ákærði sagðist hafa spurt brotþola að aldri og hún hefði svarað og sagt sig vera átján ára. Hugsanlega hafi það verið rangt hjá henni. Spurður hvort hann hefði talið eðlilegt að fara með svo unga stúlku á heimili sitt um miðja nótt, sagðist ákærði telja svo vera.

Ákærði sagðist ekki vita hvers vegna brotþoli hefði hlaupið úr íbúðinni með aðeins handklæði vafið um sig. Hann sagðist ekki hafa hugleitt hvers vegna hún hefði kært hann fyrir kynferðisbrot.

Ákærði sagðist ekki hafa séð D við komuna á heimili sitt.

Ákærði var spurður hvort hann hefði haft hugsanleg kynmök í huga þegar hann hefði farið heim til sín með brotþola. Hann sagði slíkt ekki hafa verið rætt á leiðinni. Hann hefði hins vegar haft einhverjar væntingar í þá veru.

Ákærði sagði aðspurður að brotþoli hefði ekki talað í símann á meðan þau hefðu haft kynmök. Hún hefði hætt símtölum áður en þau hefðu haft mökin. Hún hefði hins vegar verið í símanum á meðan hann hefði sleikt kynfæri hennar. Hann hefði talið það frekar sérstakt en fólk væri misjafnt.

Ákærði sagðist hafa átt heima á Íslandi í um tíu ár og skilja eitthvað í málinu. Aðspurður sagði hann brotþola ekki hafa notað orð eins og „nauðgun“ eða „kynferðisbrot“ í símtölum sínum um nóttina. Hún hefði ekkert sagt sem skilja hefði mátt sem hjálparbeiðni.

A brotþoli sagðist hafa verið úti að skemmta sér með vinnufélögum og hafa drukkið um fjóra drykki með þeim og eitthvað meira fyrr um kvöldið. Hún hefði farið niður í bæ með hluta hópsins en síðar um kvöldið hefðu brotþoli og vinkona hennar, B, farið tvær saman á skemmtistaðinn [...]. Brotþoli hefði verið orðin mjög drukkin og B hefði viljað fara heim en brotþoli ekki. B hefði farið en brotþoli orðið eftir á staðnum. Þá hefði hún hitt ákærða og hann boðið henni bjór. Þá hefði ákærði talað „eitthvað um að eiga gras“. Á þessum tíma hefði brotþoli verið „að fikta við það“. Brotþoli sagðist

hafa reykt „gras“ með ákærða en sagðist ekki vita hvort það hefði verið í miðbænum eða hvort þau hefðu þá verið komin heim til hans. Þegar hún var nánar spurð sagðist hún muna að það hefði verið „í [...]“. Brotapoli sagði að slíkar reykingar í kjölfar mikillar áfengisdrykkju hefðu þau áhrif að allt færi að „snúast“ og „maður verður bara í ekki góðu ástandi“. Eftir þetta hefði brotapoli átt erfitt með gang og orðið „undir miklum áhrifum“. Þau hefðu farið heim til hans og brotapoli hefði þá ekki getað gengið óstudd. Þau hefðu farið rակleitt inn í herbergi hans og brotapoli hefði viljað fara að sofa. Ákærði hefði klætt hana úr buxunum en ekki beðið um leyfi til þess. Næsta sem hún myndi væri „þegar hann var niðri á mér og ég man ekki hvort ég hafi hringt eða hvort að B vinkona mín hafi hringt en hann er enn þá niðri á mér þegar ég tala við hana í símann og er grenjandi við hana í símanum.“ Ákærði hefði sleikt kynfæri brotapola. Brotapoli hefði grátið því hún hefði ekki viljað að hann gerði þetta. B hefði spurt hvað væri að og hefði svo farið og talað við móður sína og brotapoli þá enn verið í símanum. Síðan hefði því símtali lokið en B hefði svo hringt aftur. Brotapoli sagðist lítið muna eftir því samtali en B hefði sagt að hún myndi hafi samband við bróður sinn. B hefði spurt hvar brotapoli væri en brotapoli ekki getað svarað því. Símtalinu hefði svo lokið með því að annað hvort brotapoli eða ákærði hefði skellt á. Þegar brotapoli var nánar spurð sagði hún: „Mig minnir að B hefði verið enn þá í símanum þegar hann fer inn í mig.“ Ákærði hefði stungið kynfærum sínum í leggöng brotapola. Hann hefði ekki spurt hvort hann mætti gera svo. Hún var spurð hvort hún hefði mótmælt þessu og kvaðst hún hafa verið grátandi.“ Brotapoli sagðist hafa sagt ákærða oft en einu sinni að hún vildi fara að sofa en ekki stunda kynlíf. Hann hefði ekki hlustað á hana. Brotapoli sagðist hafa legið á bakinu í rúminu með fætur út fyrir, en síðar hefði hún verið komin lengra upp í rúmið. Brotapoli sagðist hafa misst mátt þegar hann hefði verið að sleikja kynfæri hennar og hefði þá kosið að sofna.

Brotapoli sagði að ákærði hefði svo stillt símann þannig að hann tæki ekki við símtölum. Einhvern veginn hefði C, bróðir B, náð sambandi við brotapola, og hefði sagt henni að senda sér staðsetningu sína „á snapchat“. Í framhaldi af því hefði hann séð hvar hún var. Þegar C hefði verið kominn hefði brotapoli einhvern veginn náð að fara inn á snyrtinguna, læst að sér, og hefði þar talað við C í síma. Brotapoli hefði þá varið nakin. C hefði sagt henni að vefja utan um sig handklæði og það hefði hún gert og farið út. C hefði ekki vitað nákvæmlega hvar hún væri og hefði sagt henni að kalla. Það hefði hún gert og hann kallað á móti. Brotapoli hefði þá hlaupið yfir í bifreið C. Þá hefði lögregla

einnig verið komin og brotápoli farið yfir í lögreglubifreið. Brotápoli hefði hins vegar ekki viljað tala við lögregluna. Hún hefði ekki verið í skapi til þess því þá hefði hún þurft að segja frá atburðinum. Hún sagðist eiga erfitt með að tala um erfiða hluti. Fyrst hefði hún ekki ætlað að kæra. Hún hefði hins vegar verið hvött til að kæra. Brotápoli sagðist hafa vorkennt ákærða en hann hefði sagt sér að hann væri frá [...] og þar hefðu slæmir hlutir komið fyrir.

Brotápoli sagðist ekki vita hvað ákærði hefði gert á meðan hún hefði verið inni á snyrtingunni. Hún hefði lokað að sér þar. Brotápoli sagðist hafa þrifið sig á snyrtingunni og þá séð blóð úr leggöngum sínum. Hefði hún haft orð á þessu þegar hún hefði verið að tala við C en sagðist ekki vita hvort hann hefði heyrt það.

Brotápoli var spurð um ástand sitt á skemmtistaðnum. Hún sagðist hafa verið orðin svo drukkinn að hennar nánasta vinkona hefði ekki viljað vera með henni lengur. Á þessum tíma hefði brotápoli átt það til að verða mjög ölvuð. Stuttu áður hefði brotápoli orðið mjög ölvuð og B hefði þá þurft að gæta hennar, „og hún var bara ekki að nenna því, hún vildi hafa gaman og ég var eiginlega of full til að hún [næði] að skemmta sér.“ Brotápoli sagði að ástand sitt hefði verið slæmt áður en hún hefði reykt kannabisið en við það hefði ástandið orðið „mikið verra“. Hún var spurð hvort vera mætti að þau hefðu reykt það á svölunum hjá ákærða. Hún kvaðst telja það ólíklegt því hana minnti að ákærði hefði þurft að styðja hana, þegar þau hefðu komið að húsinu. Þau hefðu hins vegar ekki verið inni í herberginu þegar þau hefðu reykt.

Brotápoli var spurð um tilganginn með því að fara heim til ákærða og svaraði að hann hefði verið „að reykja gras“. Nánar spurð sagðist brotápoli ekki muna hvort það hefði verið rætt „eða hvort hann hafi bara verið með það“. Brotápoli sagðist muna að hún hefði sjálfviljug farið heim til ákærða. „Áður en ég reykti grasið þá var ég bara full og þá hefði ég alveg örugglega verið tilbúin til að stunda kynlíf.“ Eftir reykingarnar hefði það verið breytt. Brotápoli var spurð hvort þeirra hefði átt frumkvæði að því að fara heim til ákærða. Hún svaraði: „Ef að ég hef vitað af grasinu þá hefur það líklegast verið ég.“ Nánar spurð sagði brotápoli: „Mig minnir að það hafi verið ég sem stakk upp á því að fara til hans og reykja.“

Brotápoli sagðist ekki muna til þess að bjór hefði farið á gólfið heima hjá ákærða.

Brotápoli sagði málið hafa áhrif á sig enn í dag og væri hún mjög þunglynd og kvíðin. Fyrir atvikið hefði hún staðið sig mjög vel í skóla en það væri nú breytt.

Brotapoli sagðist muna atburðarásina í stuttum brotum, en því meira sem hún talaði um hana rifjaðist meira upp.

Brotapoli sagðist muna að hún hefði ekki klætt sig sjálf úr buxum en ekki muna hvernig hún hefði farið úr bolnum en lögreglan hefði þurft að sækja hann inn í íbúðina. Brotapoli var spurð um þau orð ákærða að hún hefði sagt að hún vildi hafa kynmök við hann. Brotapoli svaraði: „Hefði ég sagt það, þá hefði það verið niðri í bæ. En mér finnst ekki líkt mér að segja eitthvað svona opinskátt“. Að minnsta kosti hefði hún ekki viljað kynmök þegar þau hefðu verið komin á heimili ákærða. Brotapoli sagðist ekki hafa gefið frá sér nein hljóð sem ákærði hefði getað túlkað sem samþykki við kynmökum.

Brotapoli sagði að þegar ákærði hefði sleikt kynfæri hennar hefði hann einnig sett fingur í leggöng hennar. Kynfæri hans hefðu hins vegar ekki farið í munn hennar. Verjur hefðu ekki verið ræddar og ekki notaðar. Hún hefði hins vegar nefnt að hún væri hrædd um að fá kynsjúkdóm. Ákærði hefði þá sagt að „hann væri nýbúinn að tékka á því“. Brotapoli sagðist halda að ákærði hefði ekki leitað að verju.

Brotapoli sagði aðspurð að sú lýsing ákæru væri rétt að hún hefði ekki getað spornað við verknaði ákærða sökum ölvunar, áhrifa fíkniefna og svefndrunga.

Vitnið E, móðir brotþola, sagðist hafa vaknað nálægt fjögur um morguninn og hafa þá litið á síma sinn. Hefði vitnið þá séð nokkur skilaboð frá B, vinkonu brotþola, sem hefði beðið vitnið um að hringja því brotþoli sé í vandræðum. B hafi hringt í síma brotþola og þar hafi einhver maður svarað og nú sé slökkt á símanum. Vitnið hefði hringt til B og talað við móður hennar sem hefði sagt sér að C, bróðir B, væri á leið í [...] í [...] en hann hefði séð þá staðsetningu brotþola á staðsetningu í „snapchat“. C væri búinn að hringja á lögreglu. Vitnið hefði klætt sig með hraði og ekið rakleitt í [...] þar sem C og lögreglan hefðu verið komin og brotþoli inni í lögreglubifreið. Vitninu hefði verið boðið í lögreglubifreiðina og þar hefði brotþoli verið, í miklu uppnámi, vafin í handklæði. Hún hefði verið ölvuð og grátandi og viljað fá fötin sín og ekki fara neitt fyrr en hún hefði fengið þau. Lögreglan hefði lofað að reyna að finna þau.

Þær hefðu svo farið á neyðarmóttöku. Vitnið sagðist ekki muna hver hefði ákveðið það, hugsanlega hefði lögregla mælt með því. Þar hefði tekið við löng bið og brotþoli þreytt og í uppnámi. Brotapoli hefði viljað fara heim og sofa. Vitnið og brotþoli hefðu samið um að þær færu heim en kæmu strax aftur daginn eftir. Starfsmenn hefðu samhliða lofað að reyna að sjá til þess að þá yrði styttri bið.

Vitnið sagði að brotapolí hefði verið skýr og viðræðuhæf. Langt hefði verið liðið á nóttina og hún greinilega verið að skemmta sér um kvöldið.

Vitnið sagði að á þessum tíma hefði brotapolí ekki viljað að meira yrði gert úr málinu og hefði ekki séð tilgang með því að gangast undir skoðun.

Vitnið sagði að brotapolí hefði sagt sér við [...], þegar þær hefðu verið tvær einar í bifreið, að henni hefði verið nauðgað. Það hefði gert maður sem hún vissi ekki hvað hétí en ætti heima þar í [...]. Þær hefðu ekki rætt þetta beint síðan. Brotapolí væri mjög lokuð og lokaði á það sem væri óþægilegt og vont. Hafi vitnið reynt að færa málið í tal lokaði brotapolí á það.

Vitnið sagði að um nóttina hefði brotapolí verið hrædd um að ákærði yrði sendur til heimalands síns og það gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir hann. Vitnið sagðist hafa skynjað að brotapolí vildi ekki gera mikið úr málinu svo ákærði lenti ekki í vanda.

Vitnið sagði að eftir þetta hefði brotapolí, sem áður hefði alltaf átt gott með nám, orðið rótlausari. Eftir þetta hefði hún tvívegis skipt um skóla. Hún væri einræn og lokaði sig nú mjög af í eigin herbergi. Brotapolí gæfi líðan sína ekki upp en vitnið fyndi að eitthvað truflaði hana.

Vitnið sagði að brotapolí væri sannsögul og heiðarleg.

Vitnið B sagði þær brotapolá hafa farið að skemmta sér með vinnufélögum og eftir það farið á skemmtistaðinn [...]. Þær hefðu verið orðnar „alveg mjög fullar þannig að ég hringi í bróður minn til að koma að sækja mig, því að ég gat ekki staðið því ég var orðin dálítið full, þannig að ég fór heim og hún vildi vera lengur, en ég sá að hún var orðin alveg mjög full, en ég var bara orðin of full til þess að pæla í því þannig að ég bara fór heim.“ Um klukkan þrjú eða fjögur hefði brotapolí hringt „og segir að það sé einhver að fara niður á hana og hún viti ekkert hver þetta er, þannig að ég strax fatta að það sé einhver að brjóta á henni og fer inn til mömmu minnar og reyni að vekja hana eins og ég get.“ Í framhaldi af því hefði móðir vitnisins hringt til lögreglu og svo reynt að hringja til móður brotapolá. Hún hefði ekki náð sambandi við hana og þá hringt til bróður vitnisins, C. Hann hefði svo með hjálp staðsetningar „á snap“ fundið brotapolá í [...]. C hefði á þessum tíma verið akandi með vini sínum. C hefði verið sagt „að það sé gæi með [brotapolá] og [brotapolí] sé heima hjá einhverjum gæja, já einhvers staðar og hann þyrfti að koma og sækja hana.“ C hefði orðið „alveg jafn skelkaður og ég.“

Vitnið sagði að brotapolí hefði verið í uppnámi og hágrátandi í símanum.

Vitnið kvaðst halda að þær hefðu farið á skemmtistaðinn um eittleytið og að vitnið hefði farið þaðan um þrjúleytið. Ein klukkustund, í mesta lagi tvær, hefðu liðið þar til brotaþoli hefði hringt til vitnisins. Vitnið hefði þá enn verið vakandi.

Vitnið sagði þær brotaþola vera nánar vinkonur. Brotaþoli yrði stundum „mjög full“ þegar þær drykkju. Það yrði þó ekki til þess að hún vildi fara heim, „hún vill alltaf vera lengur“. Væri „mjög auðvelt fyrir hana að lenda í svona, að einhver nái að koma henni í svona aðstæður.“

Vitnið sagði að það hefði heyrt í karlmanni í símanum, „svona segja henni að skella á“. Maðurinn hefði mælt á ensku.

Vitnið sagði að eftir þetta hefði brotaþoli sagt sér að „hann hafði sem sagt verið að nauðga henni“. Hann hefði sagt að hann myndi gefa henni fíkniefni og „var alltaf að láta hana vorkenna sér fyrir að vera frá [...]“. Vitnið sagðist ekki muna hvort brotaþoli hefði talað um að ákærði hefði haft við hana samfarir um leggöng.

Vitnið sagði að á skemmtistaðnum hefði hún verið hress en ekki döpur. „Þess vegna tók ég alveg eftir í símtalinu hversu hrædd hún var.“

Vitnið sagði málið vera mjög erfitt fyrir brotaþola. Þær ræddu þetta lítið en brotaþoli væri daprari eftir atvikið.

Vitnið sagði að í starfsmannagleðinni hefðu þær drukkið kokteila en vodkablöndu á skemmtistaðnum.

Vitnið sagðist telja að þær brotaþoli hefðu aðeins átt eitt símtal um nóttina. Það hefði varað í fimm eða tíu mínútur að álitni vitnisins. Vitninu var bent á að hjá lögreglu hefði hún talið símtalið hafa varað í tvær mínútur. Vitnið svaraði á þá leið að það gæti allt eins verið. Vitnið sagðist ekki alveg muna hvor þeirra hefði lokið samtalinu.

Vitnið C sagðist hafa verið beðinn um að fara niður í bæ að sækja systur sína, B, og það hefði hann gert. Þá hefði vinur sinn, M, hringt í sig, staddur í samkvæmi í [...] og beðið um far í [...]. Vitnið hefði tekið vel í það og náð í félagu sinn. Þegar þeir hefðu verið á leiðinni í [...] hefði móðir vitnisins hringt og spurt hvort vitnið gæti sótt brotaþola, sem væri líklega einhvers staðar niðri í bæ „og með einhverju óráði“. Vitnið hefði hringt til brotaþola. Hún hefði svarað og vitnið spurt hvar hún væri. Hún hefði ekki getað svarað því. Vitnið hefði spurt hvort hún væri inni eða úti, en hún ekki heldur getað svarað því. Brotaþoli hefði spurt hvort vitnið gæti „addað sér á snapchat“ svo hún gæti sent vitninu staðsetningu sína. Það hefði vitnið gert og haldið á stað niður í bæ. Brotaþoli hefði ekki

verið grátandi heldur „mjög bara einhvern veginn útúr því.“ Á leiðinni hefði vitnið fengið senda staðsetningu brotþola sem hefði verið í [...]. Vitnið hefði ekið greitt þangað „og á meðan gerist eitthvað sem ég svo sem veit ekki nákvæmlega, þar sem [brotþoli] er í símanum við systur mína heima, eða mömmu.“ Í kjölfar þess hefði verið hringt til lögreglu og vitnið hefði einnig hringt til lögreglu þegar það hefði verið komið í [...]. Vitnið og M hefðu beðið þar í einhvern tíma og reynt „að finna út hvar hún mögulega gæti verið, af því að þetta eru nokkrar blokkir sem að eru svona saman.“ Staðsetningin frá „snapchat“ hefði bent til [...], en einhver skekkjumörk væru á slíku. Eftir einhvern tíma þá hefðu komið boð „eins og hún sé að skrifa eitthvað á snapchat“. Vitnið hefði þá hringt í brotþola og „þá segist hún hafa náð að flýja inn á baðherbergi“. Hún hefði sagt að hún hefði læst sig þar inni og náð að taka síma sinn með sér. Brotþoli hefði sagt, eins og við sjálfa sig, „vá hvað það er mikið blóð“ og byrjar að sturta niður á fullu.“ Vitnið hefði sagt brotþola að koma sér út en hún verið treg til þar sem hún hefði verið nakin. Vitnið hefði sagt henni að finna sér handklæði eða eitthvað, og koma sér út. Vitnið, M, og lögreglumenn hefðu umkringgt [...]. Brotþoli hefði þá hringt og sagt að hún væri komin út. Vitnið hefði beðið hana um að öskra af öllum kröftum, það hefði hún gert og þeir hlaupið á hljóðið.

Vitnið sagði að brotþoli hefði hlaupið burt frá lögreglunni. Vitnið hefði hlaupið á eftir henni og náð að tala aðeins við hana, „en hún virðist ekki vilja segja neitt af því að hún sé hrædd um að ákærði verði sendur til síns heimalands“. Brotþoli hefði sagt það við vitnið á staðnum. Brotþoli hefði verið mjög hrædd og grátið mikið.

Vitnið sagði ákærða hafa komið „á eftir henni niður“. Vitnið sagðist ekki muna hvort hann hefði sagt eitthvað. Hann hefði komið fyrir sjónir sem „frekar rólegur“, en atburðarásin hefði verið hröð og athygli vitnisins aðallega á brotþola.

Vitnið sagðist hafa beðið á staðnum þar til móðir brotþola hefði komið. Hann hefði þá talað við hana og svo farið.

Vitnið sagði að B hefði verið „alveg vel drukkin“ en „ekkert óeðlilega“.

Vitnið sagði að móðir sín eða systir hefði sagt sér „að hún hefði heyrt í símanum [brotþola] vera grátandi og segja ‚hann er niðri á mér‘“ og síðan hefði komið einhver karlmansrödd og því næst slökkt á símanum.

Vitnið sagðist telja að í minnsta lagi um hálf klukkustund hefði liðið frá því það hefði ekið systur sinni heim og þar til það hefði verið beðið að fara og sækja brotþola.

Að minnsta kosti tíu til fimmtán mínútur hefðu svo liðið þar til vitnið hefði talað næst við móður sína.

Vitnið F sagði dóttur sína B hafa farið út að skemmta sér um kvöldið með brotapolu. Síðar um kvöldið hefði B hringt og beðið um að verða sótt. C hefði farið og gert það. B hefði komið heim „og hafði orðið viðskila við“ brotapolu. Þær mæðgur hefðu báðar farið að sofa en C hefði farið út að sækja einhvern vin sinn. B hefði svo vakið vitnið og þá í töluverðu uppnámi. B hefði sagt að brotapolu hefði hringt, vissi ekkert hvar hún væri og það væri eitthvað mikið að. Vitnið hefði heyrt í brotapolu í símanum „þegar hún er að tala við B, ég heyri hana bara vera að öskra og bara það er eitthvað mikið að gerast.“ Vitnið hefði tekið sinn síma og hringt í C og beðið hann um að fara niður í bæ og athuga með brotapolu. Vitnið hefði hringt til móður brotapolu en hún ekki svarað. Þegar vitnið hefði heyrt brotapolu segja „hann er að fara niður á mig“, þá hefði vitnið hringt til lögreglu. Í framhaldi af þessu hefði C hringt og sagt brotapolu vera í [...]. Vitnið sagði þau öll hafa verið í miklu uppnámi. Brotapoli hefði einnig sagt að hún vissi ekkert hvar hún væri. Vitnið „upplifði að það væri eitthvað að gerast sem hún vildi alls ekki.“ Brotapoli hefði verið hágrátandi. Vitnið sagðist ekki muna hvort það hefði heyrt brotapolu mótmæla einhverju. Hugsanlega hefði hún sagt „nei, ekki“, en vitnið tók fram að það væri ekki viss. Langt væri um liðið og þau hefðu öll verið í miklu uppnámi. Borið var undir vitnið það sem haft er eftir henni í lögregluskýrslu að hún hafi heyrt brotapolu segja „nei, nei, ekki, ekki“ eða eitthvað í þá átt. Vitnið sagði að það gæti „alveg passað já“. Jafnframt voru borin undir vitnið þau orð sem eftir því eru höfð í sömu skýrslu, að þetta hefði verið „eins og nauðgun í beinni útsendingu.“ Vitnið svaraði: „Já, ég bara segi það sko. Þetta var bara, þetta var skelfilegt sko. Það er bara ekkert annað yfir það, enda hringdi ég bara örugglega í móðursýki“ í lögreglu. Vitnið staðfesti einnig þau orð, sem eftir henni eru höfð í skýrslunni, að brotapolu hefði verið „í móðursýkiskasti“ og „út úr kortinu“. Það væri algjörlega rétt lýsing. Vitnið hefði heyrt brotapolu öskra og mótmæla.

Vitnið kvaðst ekki vita hversu lengi símtalið við brotapolu hefði staðið, en halda samt að „það hafi verið bara svolítill tími“. Vitnið hefði einnig tekið sinn síma og hringt í C og lögreglu. Vitnið sagðist ekki hafa hugmynd um hvor hefði lokið símtalinu, brotapolu eða B.

Vitnið sagðist halda að B hefði komið heim „upp úr miðnætti“ og þá verið „aðeins drukkin“.

Vitnið sagðist hafa verið alsgátt.

Vitnið M sagði vin sinn C hafa ekið sér úr [...] milli klukkan þrjú og fjögur um nóttina. Þegar þeir hefðu verið nálægt [...] hefði systir C hringt og sagt að hún fyndi ekki brotapolu. Þeir hefðu því hringt í brotapolu sem ekki hefði svarað. Þegar þeir hefðu verið nálægt [...] hefði hún svarað og þeir vart skilið hvað hún sagði. Í bifreiðinni hefði verið „bluetooth“ kerfi. Vitnið tók þó fram að það myndi ekki hvort það hefði sjálft heyrt símtölin eða hvort C hefði sagt því frá þeim. Að minnsta kosti hefði C ekki skilið brotapolu. Þeir hefðu ákveðið að fara niður í miðbæ og leita brotapolu. Hún hefði opnað fyrir staðsetningu sína á „snapchat“ og þeir þá séð að hún væri í [...]. Þeir hefðu brunað þangað. Vitnið sagði að móðir C hefði hringt til þeirra og sagt þeim að hún hefði náð að hringja til brotapolu og þá hefði verið öskrað á brotapolu: „af hverju ertu að tala í símann?“ og svo hefði verið slökkt á símanum.. Þá hefði verið hringt til lögreglu, annað hvort þeir eða móðir C. Þeir hefðu farið í [...] og beðið lögreglu þar. Fjórar blokkir hefðu komið til greina og þeir og svo lögregla hefðu leitað brotapolu. Svo hefði brotapolu hringt í C og í framhaldinu hlaupið út „með eitthvað utan um sig“, lak eða eitthvað slíkt, og ákærði „á eftir henni“.

Vitnið sagði að ástand brotapolu í [...] hefði verið „hræðilegt“. Augljóst væri að eitthvað hefði átt sér stað „sem var ekki í lagi“. Brotapolu hefði verið grátandi og í „einhverju svona sjokki“. Hún hefði verið hrædd. Vitnið hefði ekkert talað við hana. Brotapolu hefði verið með lak utan um sig en annars nakin.

Vitnið sagði að þegar þeir hefðu fyrst náð símasambandi við hana hefði brotapolu verið mjög ölvuð. Síðan væri eins og hún „hefði bara náð sér einhvern veginn“.

Vitnið sagðist hafa heyrt lögregluþjóna tala við brotapolu og segja henni að fara inn á baðherbergi og kveikja og slökkva þar ljós. Enginn gluggi hefði hins vegar verið á baðherberginu. Lögreglan hefði þá sagt henni að hlaupa út og þeir yrðu tilbúnir við allar blokkirnar.

Vitnið sagði að brotapolu hefði komið hlaupandi niður stigaganginn „og hann var hlaupandi á eftir henni“.

Vitnið H hjúkrunarfræðingur sagðist hafa tekið á móti brotapolu á sjúkrahúsi. Hún hefði komið með móður sinni daginn eftir atvikið og lýst því sem hún hefi munað eftir. Hún hefði farið að skemmta sér með vinnufélögum, farið á bar og þegið glas af

manni sem hún aldrei hefði hitt áður. Eftir það myndu þau hafa farið heim til hans, „og það er eitthvað gloppótt hjá henni minnið, en man eftir að hann hafi haft við sig kynferðismök og hún hafi ekki viljað það.“ Vitnið sagðist muna vel eftir málinu vegna þess hvernig vinir hennar hefðu fundið hana í gegn um „snap chat“. Brotapoli hafi ekki fundið fötin sín og hlaupið nakin út. Lögreglan hefði um nóttina hvatt hana til að gangast undir skoðun á neyðarmóttöku. Brotapoli hafi ekki viljað það þá en komið daginn eftir.

Vitnið sagði að brotapolí hefði ekki verið undir áfengisáhrifum þegar vitnið hitti hana. Vitninu hefði hins vegar verið sagt að það hefði brotapolí verið þegar hún hefði komið á neyðarmóttöku um nóttina.

Vitnið sagði að brotapolí hefði verið þreytt og vitnið hefði greint hjá henni kvíða og doða. Brotapolí hefði grátið þegar hún hefði sagt frá því sem hún hefði munað eftir. Frásögn hennar hefði verið skýr. Vitnið sagðist ekki muna til þess að brotapolí hefði nefnt blæðingu og slíkt hefði ekki verið skráð.

Vitnið sagðist telja að brotapolí hefði sagt að hún væri ekki viss hvort kynfæri hennar hefðu verið sleikt.

Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið G læknir kvaðst hafa skoðað brotapolá á sjúkrahúsi. Enga áverka hefði verið að sjá. Vitnið sagði að komið gætu smárifur án þess að þær sæjust við skoðun. Eins gæti blætt úr leghálsi ef konan væri nálægt blæðingum. Hugsanlegt væri að brotapolá hefði blætt eitthvað um nóttina án þess að það sæist í skoðun. Umtalsverð blæðing hefði líklega komið í ljós við skoðunina.

Vitnið var spurt um frásögn þá sem eftir brotapolá er höfð í skýrslunni. Vitnið sagði þetta vera frásögn hennar. Sama ætti við um merkingar í reiti í vottorðinu, þar væri merkt í samræmi við svör sjúklings. Þær hefðu við skoðunina farið í gegn um listann og merkt við í samræmi við svör hennar. Fyrir hefði legið í skoðuninni að brotapolí myndi ekki allt úr atburðarásinni. Hjúkrunarfræðingur talaði við sjúkling á undan lækni. Hugsanlegt væri að sjúklingur hefði rifjað upp atvik á milli viðtalanna.

Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið K sálfræðingur staðfesti vottorð sitt vegna viðtals við brotapolá.

Vitnið sagði brotapolá hafa komið til sín í framhaldi af atvikinu. Hún hefði komið fyrir sjónir sem hrædd og dofin. Hún hefði verið með áfallaeinkenni eins og

endurupplifanir og hefði lýst sjálfsvígshugsunum. Vitnið kvaðst hafa talið brotþola trúverðuga og samkvæma sjálfri sér. Einkenni brotþola samrýmdust því að hún hefði orðið fyrir áfalli.

Vitnið sagðist ekki hafa greint brotþola með áfallastreituröskun enda hefði vitnið aðeins hitt brotþola einu sinni, níu dögum eftir atvikið. Brotþoli hefði átt bókað annað viðtal en ekki mætt. Slíkt væri algengt, til dæmis vildu þolendur oft forðast allt sem minnti á atvik og sálfræðingurinn væri eitt af því sem minnti á það.

Vitnið I sviðsstjóri staðfesti matsgerð sína dags. 29. nóvember 2018. Vitnið sagði að í málinu hefðu verið gefnir upp tímar á sýnatökum. Blóðsýni hefði verið tekið kl. 15:30 og þvagsýni kl. 16:00. Niðurstaða þvagsýnis „sýnir að blóðið, styrkur, hefur verið hærri einhvern tíma áður, og ef við reiknum með einhverjum brotthvarfshraða þarna sem að liggur um 0,16 á klukkustund“ þá gæti styrkurinn, fjórum klukkustundum fyrir sýnatöku verið 1 til 1,1 prómill. Lengra yrði ekki reiknað aftur með nákvæmi. Þar spilaði til dæmis inn í hvenær drykkju hefði lokið. Þvagið speglaði styrk í blóðinu aftur í tímann. Miðað við styrkinn í þvagini mætti ætla að „talsvert væri um liðið“ frá því viðkomandi drakk síðast og að þvaglát hefðu ekki orðið nýlega. „Þess vegna er styrkurinn svona miklu hætti í þvagini þarna þegar sýnin eru tekin.“ Persónubundið væri svo hvernig hver og einn fyndi á sér.

Vitnið sagði að í þvagi hefði verið tetrahýdrókannabínólsýra, umbrotsefni tetrahýdrókannabínóls, hins virka efnis, og gæti verið í þvagini í margar klukkustundir, jafnvel daga eftir að virka efnið úr blóðinu væri farið. Virka efnið gæti farið á hálfum til einum sólarhring, það færi eftir magni og styrk efnisins sem neytt hefði verið. Út frá niðurstöðunum væri ekki hægt að segja til um áhrif af kannabisnotkunar á viðkomandi. Oft væri efnið lengur í blóðinu ef notkunin hefði verið jöfn og mikil, jafnvel dagleg. Ein einstök notkun gæti verið „horfin á tólf tímum þó hún hafi náð einhverju ákveðnu hámarki mjög stuttu eftir“ notkunina. Ef í hlut ætti manneskja um tvítugt, sem ekki væri daglegur neytandi, þá gæti efnið verið horfið úr blóðinu tólf klukkustundum eftir notkun. Allt væri þetta einstaklingsbundið, færi eftir notkuninni og styrknum.

Borið var undir vitnið að í málinu væri byggt á því að um hálfum sólarhring fyrir sýnatöku hefði sú, er sýnin gaf, ekki getað spornað við kynferðismökum vegna ölvunar, áhrifa fíkniefna og svefndrunga. Vitnið sagði að „miðað við niðurstöðuna úr áfenginu, og miðað við að viðkomandi hafi ekki neytt áfengis í allt að hálfan sólarhring þá er mjög

líklegt að viðkomandi hafi verið ölvuð og talsvert ölvuð og líka undir áhrifum kannabisefna, miðað við einstaka neyzlu.“ Vitnið sagði að niðurstöður sínar hnekktu ekki því sem byggt væri á í ákæru. Vitnið sagði að ef kannabisefna væri neytt ofan í áfengisdrykkju yrði þar samverkun. Hvort tveggja væri slævandi á miðtaugakerfið, „það verður enn þá meiri slæving.“ Vitnið sagði að kannabis yki ölvunaráhrif strax.

Lögregluþjónn 1 sagði að hringt hefði verið til neyðarlínu klukkan 03:57 og sagt að stúlka væri í vandræðum og kæmist ekki út úr húsi. Lögregla hefði farið á vettvang og þar þá verið kominn einhver vinur hennar, sem hefði fundið út hvar hún var, „í námunda við [...]“. Þegar lögregla hefði verið þar um stund að reyna að finna stúlkuna þegar hún hefði hringt í vin sinn og greint frá því að hún væri komin út. Hann hefði beðið hana um að öskra, hún hefði gert það og lögreglan farið á hljóðið. Þar hefði lögregla fundið stúlkuna við [...]. Þar hefði hún staðið í anddyri ásamt manni, bæði fáklædd, hann á náttlopp en hún í handklæði. Stúlkan hefði lítið vilja ræða við lögreglu annað en það að hún vildi fá fötin sín aftur. Hún hefði gengið rösklega undan lögreglu sem hefði þurft að hlaupa til að ná henni. Lögregla hefði fylgt henni á slysadeild til að fá hana til að tala við hjúkrunarfræðing og athuga með áverka.

Vitnið sagðist hafa farið og talað við manninn á sloppnum. Hann hefði farið með lögreglu inn í íbúð sína og sýnt henni herbergi sitt. Þar hefði lögregla tekið föt stúlkunnar sem hefðu verið í hrúgu á gólfinu, nærföt þar með talin. Einhver annar maður hefði verið í íbúðinni, legið í rúmi í sínu herbergi, og hefði lögregla skrifað niður nafn hans. Eftir þetta hefði lögregla farið út og beðið fregna af slysadeildinni. Þær hefðu orðið þær að stúlkan hefði „rokið þar út, ekkert viljað tala við neinn“. Lögregla hefði séð mennina tvo í íbúðinni tala saman, fara út að reykja og ganga svo til náða. Þar sem stúlkan hefði ekkert viljað segja um atvikin hefði lögregla yfirgefið vettvang.

Vitnið sagði að stúlkan hefði verið „svolítið vel“ ölvuð og í miklu uppnámi. Hún hefði grátið og öskrað eitthvað sem vitnið hefði ekki skilið hvað var. „Svo bara talaði hún ekki neitt.“

Vitnið sagðist hafa fundið áfengislykt af stúlkunni en ekki kannabislykt.

Vitnið sagði að maðurinn hefði angað af áfengi en verið vel viðræðuhæfur og hefði komið „þannig séð vel fram“. Hann hefði sagt þau stúlkuna hafa farið heim til hans með leigubifreið og þau haft kynmök. Hún hefði farið fram, farið inn á salerni svo allt í einu rokið út úr íbúðinni. Maðurinn hefði ekki komið fyrir sjónir sem sérstaklega

taugaóstyrkur. Hann hefði ekki reynt að komast undan lögreglu heldur vísað henni inn í íbúð sína.

Nánar spurt hvar fötin hefðu verið sagði vitnið að rúmið væri upp við vegg, vinstra megin skápur, hægra megin gluggi. Við enda rúmsins hefði verið kommóða eða slíkt og ofan á henni veski stúlkunnar. „Fyrir neðan á gólfi voru fötin þeirra beggja“, þau hefðu verið „í bland“, föt beggja í einni hrúgu.

Vitnið sagðist ekki hafa séð blóð í rúminu. Opið hefði verið inn á snyrtinguna en vitnið ekki farið þangað inn. Engin ummerki hefðu verið um átök.

Vitnið sagði að stúlkan hefði rætt við móður sína í lögreglubifreið. Lögregla hefði rætt við móðurina eftir samtalið. Vitnið kvaðst telja að stúlkan hefði ekki sagt móður sinni hvað komið hefði fyrir. Móðurina hefði hins vegar grunað „að þetta hefði verið eitthvað kynferðislegt“. Ef borið hefði verið um nauðgun hefði þróun málsins orðið öll önnur.

Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Lögregluþjónn 2 sagði beiðni hafa komið frá annarri lögreglubifreið um aðstoð við að staðsetja konu sem ekki væri vitað hvar væri, en hugsanlega haldið nauðugri. Vitnið hefði farið á vettvang í [...] og þar verið leitað að konunni. Ekki hefði verið vitað hvort hún væri innan dyra eða utan. Þegar vitnið hefði verið á gangi milli bifreiða á stæði hefði það séð konu koma hlaupandi í átt að vitninu og lögregluþjónn á eftir henni sem hefði beðið hana um að nema staðar. Vitnið hefði fengið hana til að nema staðar og hefði hún þá verið sú sem leitað hefði verið. Hún hefði verið með handklæði yfir sér en ber utan þess. Hún hefði verði sjáanlega ölvuð og í uppnámi. Mjög erfitt hefði verið að róa hana niður og láta hana finna að hún væri örugg. Hún hefði viljað fara en loks hefði lögregla náð að róa hana og fá hana yfir í hlýja lögreglubifreiðina. Hún hefði ekki, svo vitnið vissi, skýrt frá því hvaðan hún kæmi eða hvað hefði komið fyrir. Móðir stúlkunnar hefði komið fljótlega á vettvang og þeim verið leyft að tala saman einum inni í lögreglubifreiðinni í von um að eitthvað kæmi í ljós um atvik málsins. Það hefði ekki skilað árangri. Hefði þá verið ákveðið að fara með stúlkuna undir læknishendur og hefði hún verið flutt á slysadeild og móðir stúlkunnar komið þangað einnig. Þar hefði stúlkunni verið boðin skoðun en stúlkan óskað eftir að fara. Hún hefði farið og afskiptum lögreglu þá lokið.

Vitnið sagði að stúlkan hefði verið mjög ölvuð og sterk og mjög áberandi áfengislykt af henni í lögreglubifreiðinni. Hún hefði hins vegar ekki verið að deyja áfengisdauða. Vitnið var spurt hvort hún hefði verið í uppnámi og svaraði að hún hefði verið „upp og niður“, stundum reið og stundum grátandi.

Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Lögregluþjónn 3 sagði að óskað hefði verið eftir aðstoð lögreglu, maður, C, hefði verið að leita að vinkonu sinni. Lögregla hefði svo hitt á hana og rætt við.

Vitnið sagðist hafa rætt við brotaþola og hún verið í miklu uppnámi. Vitnið hefði fengið hana til að koma í lögreglubifreið til viðræðna. Svo hefði móðir hennar komið á vettvang. Brotaþoli hefði fyrst lítið viljað við lögreglu ræða en hefði svo orðið rólegri eftir að hafa hitt móður sína. Brotaþoli hefði verið í miklu uppnámi og ekki komið upp orði. „Gat bara bókstaflega ekki tjáð sig.“

Vitnið sagði áfengislykt hafa verið af stúlkunni.

Vitnið sagði lögreglu hafa ráðlagt brotaþola að fara á bráðamóttöku og móðir hennar hefði reynt að sannfæra hana um að gera það.

Vitnið sagði að í upphafi hefði brotaþoli ekki ætlað „að stoppa og spjalla við okkur“.

Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Undir aðalmeðferð málsins voru gerðar ítrekaðar en árangurslausar tilraunir til að ná sambandi við D, sem mun hafa deilt íbúð með ákærða. Mun hann fluttur af landi brott.

Niðurstaða

Óumdeilt er að umrætt kvöld hittust ákærði og brotaþoli á skemmtistað í miðborg Reykjavíkur og héldu stuttu síðar á heimili ákærða í [...]. Þá verður slegið föstu með vísan í skýrslur beggja að þar hafi ákærði sleikt kynfæri brotaþola og haft við hana samfarir um leggöng. Ákærða og brotaþola greinir mjög á um frumkvæðið að þessum athöfnum. Fyrir dómi bar hvort um sig að það sjálfst hefði verið orðið þreytt og viljað fara að sofa en hitt viljað kynmök. Fyrir dómi var hvort um sig sjálfu sér samkvæmt og trúverðugt.

Af hálfu ákæruvalds var vakin athygli á að lögregluþjónar segðu að föt ákærðu og brotaþola hefðu verið í sömu hrúgu á gólfinu. Ákærði kvað fötin hvors hafa verið í

sinni hrúgu. Þó fallast megi á að hafi föt beggja verið í sömu hrúgu kunni það að veita vísbendingu um að sami einstaklingur hafi afklætt bæði, þá getur einnig verið að hvort um sig haft sett sín föt á sama staðinn. Verður engin sérstök ályktun dregin af þessu atriði við úrlausn málsins.

Brotapoli hafði verið að skemmta sér um kvöldið og kvaðst hafa orðið mjög ölvuð. B vinkona hennar, sem var með henni framan af, sagði að brotapolí hefði verið orðin „alveg mjög full“. Lögregluþjónar og aðrir sem hittu brotapolá eftir að hún kom út úr íbúð ákærða báru um ölvun hennar. Hún var enn undir áhrifum áfengis daginn eftir þegar hún lét sýni í té. Slá má föstu að hún hafi verið umtalsvert ölvuð þegar hún kom í íbúð ákærða. Brotapoli og ákærði eru sammála um að þau hafi neytt saman kannabiss. Fram kom hjá I fyrir dómi að kannabis ofan í áfengi auki strax á sljóvgun. Brotapoli sagði fyrir dómi að ástand sitt, sem hefði verið slæmt fyrir, hefði orðið mun verra eftir að hún reykti kannabisið.

Fyrir dómi töluðu bæði um að brotapolí hefði verið í símanum þegar ákærði hefði sleikt kynfæri hennar. Fyrir liggur að brotapolí og B vinkona hennar töluðu saman í síma á meðan brotapolí var í íbúð ákærða og móðir B, F, heyrði símtalið að hluta. Við úrlausn málsins skiptir mjög verulegu máli hvað þær mæðgur bera um efni símtalsins. B bar að brotapolí hefði sagt að einhver væri að fara „niður á“ hana og að hún vissi ekkert hver þetta væri. B hefði tekið eftir „hversu hrædd hún var“, ólíkt því hvernig hún hefði verið á skemmtistaðnum ekki löngu áður. F kvaðst hafa heyrt brotapolá öskra og segja „hann er að fara niður á mig“. Brotapoli hefði verið hágrátandi, „í móðursýkiskasti“ og „út úr kortinu“. Fyrir dómi staðfesti F þau orð sem eftir henni eru höfð í lögregluskýrslu, að þetta hefði verið „eins og nauðgun í beinni útsendingu.“ Viðbrögð þeirra mæðgna við símtalinu eru eðlileg í ljósi þessarar lýsingar. B reynir ítrekað að ná sambandi við móður brotapolá og F hefur samband við lögreglu. Þær gera ráðstafanir til að C, bróðir B, reyni að finna brotapolá og koma henni til aðstoðar. Við úrlausn málsins þykir mega leggja til grundvallar að í meginatriðum hafi símtal brotapolá verið á þessa leið. Þegar á það er horft er þar mikill stuðningur við frásögn brotapolá af atburðarásinni á heimili ákærða. Með sama hætti verður í þessu ljósi mjög ósennilegur sá framburður ákærða að brotapolí hafi ákveðið leitað eftir kynmökum en hann fyrst viljað sofa en svo látið undan, og í framhaldi af því hafi farið fram kynmök sem brotapolí hafi greinilega notið.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 20. nóvember 2018. Þar sagði hann meðal annars að ef lögregla skoðaði símanotkun brotapolá sæi hún að síminn hefði verið í notkun allan

tímann. Engin gögn liggja fyrir í málinu um símanotkun brotaþola á þeim tíma þegar hún var í íbúð ákærða. Af slíkum gögnum hefði mátt ráða hvaða símtöl hefðu verið hringd, hvenær og hversu lengi þau hefðu staðið. Slíkar upplýsingar hefðu verið til glöggvunar við úrlausn málsins. Það að þeirra hafi ekki verið aflað á ekki að koma niður á ákærða í málinu, en það að slík gögn liggja ekki fyrir breytir ekki því sem þykir mega slá föstu um efni símtals brotaþola og B, sem F hlýddi á að hluta. Það, sem þar kom fram og þær ályktanir sem dregnar verða af því, er þess efnis að telja verður að mjög sterkum stöðum hafi verið rennt undir það að ákærði hafi umrætt sinn sleikt kynfæri brotaþola og haft samfarir við hana um leggöng gegn vilja hennar. Þegar horft er til þess sem fyrir liggur um ástand brotaþola og rakið hefur verið, og framburð I fyrir dómi, þykir verða að leggja til grundvallar að þannig hafi þá verið ástatt um brotaþola að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum vegna ölvunar, áhrifa fíkniefna og svefndrunga. F, sem hlýddi á í síma, taldi sig fylgjast með nauðgun í beinni útsendingu. Verður að telja að ákærða hafi hlotið að vera ljóst að samræðið og kynferðismökin voru gegn vilja brotaþola og að henni hafi ekki verið unnt að hindra þau. Það að brotaþoli hleypur út úr íbúðinni, vafin í handklæði en klæðalaus að öðru leyti, og er í miklu uppnámi að mati þeirra sem hitta hana fyrir utan, er því til stuðnings að í íbúðinni hafi eitthvað alvarlegt komið fyrir hana. Það sem eftir henni er haft við skoðun á sjúkrahúsi er sömu niðurstöðu almennt til styrktar. Hefur ákærvaldið með framanrituðu fært lögfulla sönnun fyrir sekt ákærða samkvæmt ákærinni, gegn neitun hans. Er hann sannur að sök og hefur unnið sér til refsingar en háttsemi hans er rétt færð til refsheimilda í ákæru.

Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að samkvæmt sakavottorði hefur ákærða ekki verið gerð refsing áður. Brotið er framið í september 2018 en ákæra er gefin út í október 2020. Ákærði fremur brot sitt á heimili sínu gagnvart nær ókunnugri átján ára stúlku. Þegar á allt er horft verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvö ár. Fyrir liggur bótakrafa brotaþola. Við munnlegan málflutning var fallið frá kröfu vegna útlagðs sjúkrakostnaðar, tímabundins atvinnutjóns og þjáningabóta en eftir stóð krafa um miskabætur. Fyrir liggur vottorð sálfræðings. Það er byggt á einu viðtali sálfræðingsins við brotaþola, skömmu eftir atvikið. Verða ekki afgerandi ályktanir af vottorðinu dregnar um afleiðingar brotsins fyrir brotaþola. Á hinn bóginn hafa dómstólar litið svo á að brot sem þessi séu til þess fallin að valda brotaþola sálrænum erfiðleikum. Að mati dómsins er ljóst af skýrslu brotaþola, móður hennar og B að brotið hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir brotaþola. Verður ákærði dæmdur til að greiða henni 1.600.000 krónur í miskabætur

ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir, en bótakrafa mun hafa verið birt 20. nóvember 2018. Ákærði verður dæmdur til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 1.778.780 krónur með virðisaukaskatti og þóknun réttargæzlumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 801.040 krónur með virðisaukaskatti, auk annars sakarkostnaðar sem samkvæmt yfirlýsingu sækjanda fyrir dómi nemur 321.692 krónum. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákærvaldsins fór með málið Katrín Hilmarsdóttir saksóknarfulltrúi. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, Ali Conteh, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði A 1.600.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. september 2018 til 20. desember 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 1.778.780 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 801.040 króna þóknun réttargæzlumanns brotþola Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, og 321.692 króna annan sakarkostnað.

Þorsteinn Davíðsson

